



Upplýsingar - bréf 16. júní 1934, varðandi
foringja við alþingiskosningarnar 24. þ.m.
ásamt starfsreglum, er lúta að því hvernig
foringja ber að haga sér á kjördag

Bjarni Benediktsson – Upplýsingar - bréf 16. júní 1934, varðandi foringja við alþingiskosningarnar 24.
þ.m. ásamt starfsreglum, er lúta að því hvernig foringja ber að haga sér á kjördag

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-4, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 16. júní 1934.

Herra

próf. Bjarni Benediktsson

Skalar. 11 A

Jafnframt því, að starfsreglur foringja við alþingiskosningarnar sunnudaginn 24. þ.m., eru yður hér með sendar, þykir rétt að vekja athygli, sérstaklega nýju foringjanna, á eftirgreindum atriðum:

1. Að þér hið bráðasta talið við foringja þann, *hr. Kaupu. Svöl.*

Joussyni Blóinu. 9. og hr. únsu. Johani Ammann Joussyn
er starfa ásamt yður í undæmi nr. *2i* og að þið skiftið með ykkur verkum. *Skalar. 17 B*

2. Að þið útvegið ykkur aðstoðarmenn, þar á meðal tvo kvenmenn, til starfa með ykkur í undæminu á kjördag, og tilkynnið Varðarskrifstofunni nöfn þeirra og heimili. Fylgja eyðublöð til þess, og eruð þér beðnir um að senda annað blaðið útfyllt til skrifstofunnar fyrir næstkomandi fimtudagskvöld.
3. Að þið komið ykkur saman um, eða leitið ykkur á skrifstofu félagsins upplýsinga um, hvernig heppilegast verði að haga starfinu í undæminu til kjördags og á kjördag, að svo miklu leyti, sem bréf þetta og meðfylgjandi reglur ekki kveða á um, svo að trygður sé bestur árangur.
4. Að þið athugið flokksmerkingar í undæmisskrá, og bætið við þær eftir föggum, og hlutist til um að koma gömlum og lasburða Sjálfstæðiskjösendum á kjörstað eins fljótt og hægt er á kjördag. Skriðið sérstakan lista yfir þessa kjósendur, eða setjið sérstakt merki við nöfn þeirra í undæmisskrá til flýttisauka á kjördag, og veitið öllum öðrum flokksmönnum í undæmi yðar þá aðstoð við kosninguna sem í yðar valdi stendur að láta í té.
5. Að þið reynið að grenslast eftir, hverjir í undæminu eru ekki í bænum, (sumarbústaðir, sumarfrí o.fl.) og stuðlið að því, að þeir Sjálfstæðiskjósendur neyti atkvæðisréttar síns fyrir kjördag, ef þeir þá verða ekki komnir aftur í bæinn, og sendi atkvæði sín til Varðarskrifstofunnar, eða komi og kjósi hér. Tilkynnið skrifstofunni ef þér vitið, að Sjálfstæðiskjósendi fer úr bænum næstu daga, og verður hér ekki á kjördag.
6. Undæmisskrár eru nú gjörðar þannig, að allir þeir, er þar eru skráðir, eru á kjörskrá, og hafa atkvæðisrétt við alþingiskosningarnar 24. þ.m. Flutningar og heimilisföng hafa verið leiðrétt eins og kostur var, en þó má gera ráð fyrir, að nokkrir séu taldir í undæmi yðar, sem ekki eiga þar heimili nú eins og líka, að ekki séu taldir þar kjósendur, sem nú eiga heima í undæminu. Þetta reynið þér að rannsaka og lagfæra í undæmisskránni.
7. Látið skrifstofuna vita um breytingar á undæmisskrá, leiðréttingar eða nýjar flokksmerkingar fyrir kjördag, svo að hægt verði í tæka tíð að færa til samræmis undæmisskrá á skrifstofu, og spjaldskrá.

8. Næstu daga verður yður sendur listi yfir þá Sjálfstæðiskjösendur í umdæmi yðar, er ekki kusu við síðustu bæjarstjórnarkosningar. Er nauðsynlegt að tala við þá fyrir kjördag eða tímanlega á kjördag. Ennfremur verður yður send skrá yfir undirkjörstjórnir og kjördelldir til athugunar og leiðbeiningar á kjördag.
9. Eftirð inn í umdæmiskrá yðar úr símaskránni símanúmer allra þeirra kjósenda Sjálfstæðisflokksins, er síma hafa.
10. Athugið að tíminn er takmarkaður til allra hinna umfangsmiklu starfa foringjans á kjördag og því þarf hann að hafa athugað og undirbúið það sem hægt er fyrir kjördag.
11. Sérstakir símar verða til afnota í Varðarhúsinu fyrir foringjana á kjördag, og verða þeir ekki auglýstir. Símar þessir verða í Heindallarherberginu uppi, og fáið þér síðar að vita um númer þeirra.
12. Á kjördag mæti allir foringjarnir í Varðarhúsinu kl. 9 fyrir hádegi.

Á það þykir rétt að benda, að úrslit kosninganna okkur til sigurs, eru undir því komin, að hver foringi leysi starf sitt af hendi með trúmensku og atorku.

Með kærri flokkskveðju,

F.h. stjórnar Landsmálaráðsins Varðar,

Gunnar Þ. Benediktsson

formaður.

Starfsreglur foringja.

1.gr.

Í hverju undæmi eru 2 foringjar, og 3 í sumum.

2.gr.

Foringjar skifta með sjar verkum í samráði við yfirmann foringjaráðs-skrifstofunnar, sem er starfsdeild aðalskrifstofu Varðarfjelagsins á kjördag.

3.gr.

Einu foringji í hverju undæmi situr á foringjaráðsskrifstofunni við merkingu í undæmisskrá, og stjórnar þaðan starfi í undæmi sínu.

Ef nauðsyn þykir, má foringji í samráði við yfirmann skrifstofunnar fela einhverjum flokksmanni, sem kunnugur er í undæminu, að annast þennan lið starfsins.

4.gr.

Foringjinn sem merkir, skal stöðugt senda út í undæmið, þann eða þá foringja, sem ekki merkja, svo og starfslið, með lista yfir kjósendur þá, sem ekki hafa kosið, og skal sá sem sendur er, skila um hæl skriflegum upplýsingum um þá kjósendur sem á listanum eru.

5.gr.

Atriði í sambandi við fram komnar upplýsingar, sem foringi ekki getur unnið úr til fullnustu, skal hann jafnskjótt afhenda yfirmanni skrifstofunnar til úrlausnar.

6.gr.

Á kjördag er sjerstök skrifstofa, og skal hún samstundis rannsaka þau atriði, sem ræðir í 5.gr., svo og aðrar upplýsingar, er fram kunnað koma um kjósendur, og gera þegar ráðstafanir, eftir því sem við á í hverju tilfalli.